



## Ljónið og músin

Einu sinni var stórt ljón.  
Það lá og svaf undir tré í skógi.  
Þar var lítil mús að leika sér.  
Hún sá ekki stóra ljónið.  
Hún gætti ekki að sér  
og hljóp yfir fótinn á því.

Stóra ljónið vaknaði  
og greip litlu músina.

Músin varð hrædd og sagði:  
– Ó, ó, slepptu mér, slepptu mér.  
Ég ætlaði ekki að vekja þig.  
Þú ert konungur dýranna.  
Þú ert of stór til þess að éta litla mús.

Ljónið leit á litlu músina.  
– Jæja þá, í þetta sinn, sagði það.  
Það er best að þú fáiir að fara.  
Og svo slepti það litlu músinni.

– Þakka þér fyrir, sagði músin.  
Hver veit nema ég geti hjálpað þér.  
Ég skal reyna að hjálpa þér seinna.

➤ Hvaða dýr er konungur dýranna?

Ljónið brosti að þessu.

– Hvernig getur mús hjálpað ljóni?  
sagði það við sjálf sig.



Nú liðu nokkrir dagar.

Þá var ljónið úti á veiðum.

Þá festi það sig í neti  
sem lagt hafði verið fyrir það.

Ljónið rak upp voða hátt öskur.

Nú lá það og gat ekkert nema öskrað.

Litla músin heyrði það og kom.

Hún vissi að eitthvað gekk að því.

Hún hljóp beint til þess og sagði:

– Liggðu kyrr, konungur, og vertu rólegur.

Nú kem ég til að hjálpa þér.

Ljónið lá og sagði við sjálf sig:

– Hvernig getur lítil mús hjálpað mér?

Músinn fór nú að naga netið.

Hún nagaði einn þátt af öðrum.

Ljónið varð laust og stökk á fætur.

– Þakka þér fyrir, litla mús, sagði það.

Ég gat ekki trúað því að lítil mús

gæti hjálpað ljóni.

- **Hvað er net?**
- **Hvernig hjálpaði músin ljóninu?**
- **Af hverju trúði ljónið ekki að músin gæti hjálpað því?**
- **Hvað kennir þessi saga okkur?**